



1. Markmið og tilgangur

Tilgangur og markmið jafnlaunastefnu Fjallabyggðar er að tryggja að greidd séu jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, þannig að enginn kynbundinn né ómálefnalegur launamunur sé til staðar hjá sveitarfélaginu í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 .

2. Umfang

Jafnlaunastefnan og framkvæmd hennar er órjúfanlegur hluti af jafnréttis- og launastefnu sveitarfélagsins og nær til allra starfsmanna þess.

3. Framkvæmd

Til að fylgja stefnunni og markmiðum hennar skuldbindur Fjallabyggð sig til að:

- Innleiða og viðhalda vottuðu jafnlaunakerfi í samræmi við Jafnlaunastaðal ÍST 85:2012
- Fylgja lagalegum kröfum, reglum og samningum er snerta jafnréttis- og launamál
- Framkvæma launagreiningu árlega
- Setja fram og viðhalda skjalfestum jafnlaunamarkmiðum
- Bregðast við athugasemdum um órökstuddan launamun
- Framkvæma reglubundnar innri og ytri úttektir á jafnlaunakerfi sveitarfélagsins
- Kynna jafnlaunastefnuna starfsfólki
- Hafa jafnlaunastefnuna aðgengilega almenningi
- Endurmeta stöðugt og betrumbæta jafnlaunakerfið í heild sinni

Samþykkt á 707. fundi bæjarráðs Fjallabyggðar, þann 3. september 2021.

Samþykkt á 204. fundi bæjarstjórnar Fjallabyggðar, þann 8. september 2021